

Framangreind brot ákærða, sem fæddur er 15. sept. 1863 og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir 261. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 46. gr., og 270. gr. sbr. 63., gr. og virðist hegningin hæfilega ákveðin í aukaréttardóminum 18 mánaða betrunarhúsvinna. Yfirdómurinn felst og á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað og ber því að staðfesta téðan dóm að því er niðurstöðu hans áhrærir. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benedikts-sonar, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 25/1901:

Réttvisin
gegn
Markúsi Einarssyni

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, gengn-

um 28. marzmán. þ. á., var hinn ákærði Markús Einarsson dæmdur fyrir þjófnað, svík og fals til að sæta 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða iðgjöld til Erlends Jónssonar 16 kr., Guðrúnar Bergsdóttur 12 kr. 60 a., Guðlaugs Nikulássonar 15 kr. 20 a., Sæmundar Skúlasonar 2 kr., Ragnhildar Diðriksdóttur 1 kr., Þorsteins Gíslasonar 60 a., Eggerts Pálssonar 1 kr. og Natanaels Engilbertssonar 2 kr., svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 5 kr. til talsmanns síns í héraði, Gríms Sk. Thorarensens.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirréttarins.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem ekki kemur í bága við það, sem á annan hátt er komið fram í málinu, löglega sannað, að ákærði hefir framið glæpi þá er nú skal telja:

Vorið 1897 tók ákærði heimildarlaust út í reikning Sigríðar Gísladóttur, vinnukonu á Hólumum, við J. P. T. Brydes verzlun í Vestmannaeyjum, 1 pott af brennivíni, og í janúar 1899 út í reikning sömu konu við sömu verzlun 1 pd. af hvítasykri, 1 pd. af kaffi, 1 pd. af kaffibæti, 1 pd. af kandíssykri, 2 pd. af skonroki og 1 pd. af tvíböfum, og ennfremur í maímán. s. á. 4 álnir af segldúk, 2 pd. af rúsinum og $\frac{1}{4}$ pd. af munntóbaki, og er verð þess samtals 6 kr. 50 a.

Þegar ákærði haustið 1898 var á ferð á Eyrarbakka, tók hanu út í reikning Hallberu Jónsdóttur á Spækli við I. B. R. Lefoliis verzlun á

Eyrarbakka 1 flösku af brennivíni með flösku, án leyfis hennar og vitundar, og nokkrum dögum síðar fékk ákærði Erlend Jónsson á Giljum til að skrifa fyrir sig ávísunarseðil frá sömu konu á sömu verzlun, að upphæð 2 kr., er hann sjálfur tók út á, og hafði hann enga heimild til þess frá Hallberu.

Sama ár nokkru fyrir jól reyndi hann til að fá annan mann til að skrifa fyrir sig ávísunarseðil upp á 1 pott af brennivíni útúr verzlun, undir nafni áðurnefndrar Sigríðar Gísladóttur, en honum tókst það ekki.

Semma sumars 1899 tók hann leyfislaust út í reikning húsmóður sinnar, Vigdísar Bergsteinsdóttur, við verzlun J. P. T. Brydes í Vestmannaeyjum 3 pd. af hvítasykri, 3 pd. kringlur, 1 pd. brauð, 2 potta af brennivíni og $\frac{1}{2}$ pd. af néftóbaki, er kostaði samtals 5 kr. 10 a., og nokkru seinna, eða í júlímán. s. á., tók hann heimildarlaust út í reikning Þorsteins Ólafssonar á Búðarhóli, við sömu verzlun fyrir 3 kr. 67 a., sem sé 1 pd. af reyktóbaki, 1 pd. af skonroki, $\frac{1}{2}$ af hvítasykri, 1 flösku af brennivíni með flösku, 1 pd. af rúsínum og eldspýtur, og enn í malmán næst á undan tók ákærði út í reikning Guðna Guðmundssonar á Spækli, við sömu verzlun 2 pd. af hvítasykri, 3 potta af brennivíni og 2 pd. af skonroki, sem alls nam 3 kr. 67 a. og var það leyfislaust af hendi Guðna.

Haustið 1899 tók ákærði úr rétt hjá Búðarhólshjáleigu fullorðinn sauð, eign Guðlaugs Nikulássonar í Hallgeirsey, og veturgamla gimbur, er átti Erlendur Jónsson á Giljum, og fám dögum síð-

ar tók hann í Vodmúlastaðarétt fullorðinn sauð, sem Guðrún Bergsdóttir í Hallgeirsey átti og tvævetran sauð og veturgamla gimbur frá Erlendi Jónssyni á Giljum. Slátraði hann öllum þessum kindum og hagnýtti sér. Í sömu rétt tók ákærði ennfremur tvævetran sauð, eign Erlends Jónssonar á Giljum, og beiddi annan mann að selja hann fyrir sig á markaði, sem boðaður hafði verið þar í sveit; en það fórst fyrir, og hefir eigandinn fengið kind þessa aftur. Vorið 1899 markaði ákærði undir mark húsbónda síns dilká, er átti áður nefndur Erlendur, og ætlaði ákærði að hagnýta sér hana sjálfur síðar, en sú ær er komin til skila til réttseiganda.

Þá hefir ákærði á ýmsum tímum heimildarlaust rúð og hagnýtt sér ullina af nokkrum kindum. Þannig rúði hann vorið 1898 gemling, sem átti Þorsteinn Gíslason í Hólminum, ullin af honum var metin 60 a. virði, og sama vor rúði hann 3 sauði Guðrúnar Bergsdóttur í Hallgeirsey og 1 sauð, er átti Guðlaugur Nikulásson í Hallgeirsey; ullin er metin alls kr. 4,80; og enn sama vor rúði hann 1 sauð frá Eggert presti Pálssyni á Breiðabólstað, 1 sauð frá Ragnhildi Diðriksdóttur í Hólminum og 2 sauði, er átti Natanael Engilbertsson á Búðarhóli; ullin af nefndum 4 kindum, er ákærði hagnýtti sér, hefir verið metin 4 kr.

Ákærði hefir einnig kastað eign sinni á hatt, er hann fann, og sem átti Sæmundur Skúlason í Selshjáleigu.

Loks hefir ákærði borið, að faðir hans, sem

er dáiinn, hafi haustið 1898 skorið kind, sem hann ekki átti, og hafi ákærði haldið fótunum. Hefir ákærði borið, að Sigurður Einarsson á Fagurhól hafi átt kindina, en Sigurður kannast ekki við, að svo geti hafa verið. Það virðist því ekki takandi tillit til þessarar játningar ákærða. Þá hefir og ákærði borið það, að faðir hans hafi nálægt árinu 1892 stolið kind og spýtum og að hann (ákærði) hafi aðstoðað föður sinn með því að halda fótunum á kindinni á meðan hún var skorin og með því að hjálpa föður sínum til að byggja upp kofa þann, sem þessar spýtur eiga að hafa verið notaðar í; en ákærði, sem þá var barn að aldri, verður ekki látinn sæta refsingu fyrir þessa aðstoð hans, þó sönnuð væri, sbr. 69. gr. hegningarlagna.

Ákærði er fæddur 10. jan. 1882 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefir ekki áður verið ákærður eða dæmdur fyrir neitt afbrot.

Héraðsdómarrinn hefir með réttu heimfært afbrot hans undir 253. gr., 270. gr., sbr. 46. gr., 230. gr., 231. gr. og 249. gr., sbr. 63. gr. hegningarlagna, og virðist hegning sú, sem hann hefir til unnið, með tilliti til 38. gr. sömu laga hæfilega metin 1 árs betrunarhúsvinna.

Um ídæmd íðgjöld og málskostnað er yfir dómurinn héraðsdómnum samþykktur. Ber þannig að staðfesta héraðsdóminn með nefndri breytingu á hegningunni.

Ákærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutn-

ingslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið nokkuð seinfara, en þó ekki svo, að næg ástæða sé til að láta héraðsdómarann sæta ábyrgð fyrir. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að ákærði Markús Einarsson sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágústmánaðar.

Nr. 19/1901.

Réttvísni

gegn

Hans Sigurbjarnarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkvednum 18. marz þ. á., var hinn ákærði, Hans Sigurbjarnarson, dæmdur fyrir brot gegn 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta